

Eldvötn- samtök um náttúruvernd í Skaftárhreppi

02.05.2010

Verkefnisstjórn Rammaáætlunar
um vernd og nýtingu náttúrusvæða með áherslu vatnsafl
og jarðhitasvæði
c/o Svanfríður Jónasdóttir formaður

Efni: Athugasemdir við Rammaáætlun um vernd og nýtingu náttúrusvæða með áherslu á vatnsafl og jarðhitasvæði - 2. áfanga. Niðurstöður faghópa.

Eldvötn eru samtök áhugafólks um náttúruvernd í Skaftárhreppi og fjalla eftirfarandi athugasemdir því fyrst og fremst um það svæði:

Skaftárhreppur er um 7% af Íslandi. Um svæðið falla margar jökul- og bergvatnsáar, sem Rammaáætlun 2 fjallar um sem mögulega vatnsaflsvirkjanakosti. Alls eru tilgreindir nú mögulegir virkjanakostir í vatnsaflri á ofangreindu svæði, auk þess sem uppi eru virkjanahugmyndir á svæðinu sem ekki eru teknar til mats í Rammaáætlun 2. Ef af þeim virkjanahugmyndum sem ekki eru teknar til mats í Rammaáætlun 2 verður, eru forsendar hennar brostrar í Skaftárhreppi.

Samtökin Eldvötn lýsa yfir miklum áhyggjum vegna þeirra virkjanahugmynda sem metnar eru í niðurstöðum faghópa Rammaáætlunar 2 og telja mikla ógn steðja að náttúru Skaftárhrepps ef þær ná fram að ganga.

Samtökin Eldvötn vilja vekja sérstaka athygli á fyrirhuguðum virkjanaframkvæmdum á vatnasviði Skaftár og Hólmsár. Um er að ræða framkvæmdir sem geta valdið óbætanlegum skaða á grunnvatnsstöðu byggðarinnar og á lífríkið, allt frá upptökum til ósa, og einnig á uppeldisstöðvar fiskistofna undan ströndinni. Skaftá á, sem kunnugt er, upptök sín allt upp í hlíðar Bárðarbungu og sækir einnig vatn til jarðhitasvæðisins undir Skaftárkötum, þar sem nýfundið er lífríki örvera sem talið er einstætt í heiminum. Skaftá nærir með vatni sínu lindir og læki og verðmæt veiðisvæði sjóbirtingsins sem er einkennandi fyrir þetta svæði og telja samtökin að ekki sé tekið tillit til þessara þátta í mati Rammaáætlunar 2.

Þá má einnig benda á samspil jökulvatnsins í Skaftá og Hverfisfljóti og framvindu gróðurs í Skaftáreldahrauninu. Skaftárhreppur er að stórum hluta nýtt land í sköpun og ætti því að njóta verndunar af þeim sökum.

Eldvirkni svæðisins er mikil og er ástæða til þess að vernda það sem merkilega jarðfræðilega landslagsheild og lítt raskað víðerni, enda hafa slík svæði mikið náttúruverndargildi á heimsvisu.

Eldvötn- samtök um náttúruvernd í Skaftárhreppi

Samtökin Eldvötn benda enn fremur á að Skaftárhreppur er enn mjög hreint og óraskað svæði af ágengum orkuöflunarframkvæmdum. Innan svæðisins, og aðliggjandi, er Vatnajökulsþjóðgarður og margar helstu náttúruperlur landsins. Stór hluti Skaftárhrepps heyrir nú þegar undir verndunarákvæði, sbr. Vatnajökulsþjóðgarð, svæði á náttúruminjaskrá, verndarsvæði skv. svæðisskipulagi miðhálendis og hverfisverndarsvæði skv. aðalskipulagi Skaftárhrepps, auk þess eru stór svæði á náttúruverndaráætlun.

Samtökin Eldvötn skora því á stjórnvöld að við lokafrágang Rammaáætlunar 2 fari allir vatnsaflsvirkjanakostir í jöklvötnum í Skaftárhreppi í verndarflokk og að viðkomandi svæði verði friðlýst gagnvart orkuöflun.

Virðingarfyllst

Eldvötn- samtök um náttúruvernd í Skaftárhreppi

Ólafur Þorsteinsson 270856-2649

Ólafur Jakobsson 140644-4399

Hilmir Gunnarsson 18.03.40, 4159

Jónína Þórhildóttir 020266-4579

Valgerður Órlingadóttir 110463-2949

Inga Þóra Þórssdóttir 04472-4959